



# Stafræn stefna Reykjavíkurborgar

Eva Pandora Baldursdóttir  
*Verkefnastjóri stjórnsýslumála*



# Umfang og starfsemi

Stafræn stefna Reykjavíkurborgar nær til **allrar starfsemi borgarinnar.**

Markar áherslur borgarinnar í stafrænum málum til næstu 5 ára.

- Vefir, upplýsingar, gögn, gervigreind, ný upplýsingakerfi, hugbúnaður, kerfislausnir, skýjaþjónusta, notendabúnaður, netöryggi, upplýsingatækniinnviðir og fleira.

Byggir á öðrum gildandi megin stefnum borgarinnar

- Þjónustu-, mannréttinda-, lýðræðis- og mannauðsstefnum Reykjavíkurborgar.





# Af hverju núna?

- Grundvallarbreytingar í upplýsingatækni umhverfinu
- Veldisvöxtur í þróun á stafrænni þjónustu
- Áherslur íslenska ríkisins
- Langt síðan að aðrar stefnur sem falla undir stafrænu stefnuna voru samþykktar og eru jafnvel fallnar úr gildi.





# Hverju höfum við nú þegar áorkað?

- Breyting á viðhorfum, menningu og gildum. Viðhorf stjórnenda borgarinnar almennt jákvætt.
- Fjárfesting á mörgum sviðum.
- Uppbygging mannauðs.
- Fjölmörg stafræn verkefni í vinnslu eða lokið.
- Dýrmæt reynsla eftir vinnu undanfarinnar ára.






# Framtíðarsýn

## Þjónustuborgin Reykjavík

- Veita íbúum, fyrirtækjum og gestum fjölbreytta og framúrskarandi þjónustu.
- Gera Reykjavíkurborg að þjónustuborg á heimsmælikvarða hvort sem þjónustan er stafræn eða ekki.






# Framtíðarsýn

## Jafnt aðgengi fyrir öll

- Þátttaka almennings lykill að farsælli útkomu og jákvæðum áhrifum.
- Öll sem sækja þjónustu eiga að mæta sama viðmóti og fá jafngóða þjónustu.
- Stafræn stefna á að styðja við lýðræðisleg vinnubrögð og auðvelda þátttöku íbúa.
- Tryggja að öll njóti jafnra réttinda, bæði í raunheimum og stafrænu umhverfi.





# Framtíðarsýn


## Fjölbreytt atvinnulíf

- Borgin á að vera lifandi vinnustaður með sterkt aðdráttarafl.
- Stafræn þróun ein forsenda þess að starfsemi þroskist og gefi af sér samkeppnishæf störf.





# Tilgangur



## Aðgengilegri þjónusta

Með því að styðja við notendamiðaða nálgun í þjónustu borgarinnar auðveldum við fólki og fyrirtækjum að sækja sér þjónustu.



## Aukin skilvirkni

Borgin verður nútímalegur vinnustaður þar sem líf og starf þeirra sem þiggja og veita þjónustu er gert einfaldara með skilvirkum stafrænum lausnum.



## Stafræn réttindi

Með lýðræði og mannréttindi að leiðarljósi verður lögð áhersla á stafræn réttindi borgara með því að tvinna þau markvisst saman við þjónustu borgarinnar.



## Öruggari rekstur

Samhliða fjölgun stafrænna lausna verður stutt við uppbyggingu á öruggum rekstri gagna og tækniinnviða.





# Meginmarkmið



## Fyrir íbúa og fyrirtæki

Að fólk og fyrirtæki hafi jafnt aðgengi að allri þjónustu í gegnum eina samræmda, stafræna gátt. Að þjónusta borgarinnar sé byggð á raunverulegum þörfum notenda.



## Fyrir vinnustaðinn

Að stofnanir og stjórnsýsla borgarinnar búi yfir nýjustu tæknilausnum. Að vinnumhverfi fólks sé nútímalegt og hvetji til framþróunar, sveigjanleika og skilvirkara skipulags.



## Fyrir starfsemina

Að upplýsingatækni verði hagað á öruggan, skilvirkan og hagkvæman hátt í gegnum trausta og örugga innviði sem mæta bæði kröfum almennings til grunnþjónustu stofnana og stuðla að auknum sveigjanleika opinberrar þjónustu.



## Fyrir samfélagið

Að öryggi, áreiðanleiki, persónuvernd, inngilding, réttlát málsmeðferð, gagnsæi og önnur réttindi og vernd séu innbyggð og sjálfgefin í hönnun og útfærslu stafrænnar þjónustu, innleiðingu kerfa og uppbyggingu innviða.



# Undirmarkmið

Átta undirflokkar og -markmið.

1. Skýjaþjónustur
2. Vefir
3. Hugbúnaður
4. Upplýsingar
5. Gögn
6. Gervigreind
7. Netöryggi
8. Tækniinnviðir



Reykjavík